

**41. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis  
haldinn í Glerárskóla 2. 11. 2010.**

**Mættir:** Ingvar Þóroddsson, Berglind Rafnsdóttir, Valbjörg Fjólmundsdóttir og Brynja Sigurðardóttir.

**Fundarefni**

**Fundur með stjórnslunefnd þann 10. nóvember n.k.**

Ræddu og ákváðu nefndarmenn hin ýmsu erindi sem þeir ætluðu að bera upp á fundinum með stjórnslunefndinni. Þau sem munu mæta á fundinn eru Ingvar, Berglind, Brynja og Aldís.

**Hverfið okkar.**

Lýsa nefndarmenn yfir ánægju sinni með hraðahindranirnar sem verið hafa við Glerárskóla að undanförunu og hafa án efa staðið fyrir sínu.

Rætt var um strætisvagnleiðir í hverfinu og voru uppi skiptar skoðanir á því hversu vel tímasetningarnar á vögnunum nýttust t.d. nemendum úr og í Glerárskóla.

Ánægja er í hverfisnefndinni með fjölgun bekkja í hverfinu sem hægt er að setjast niður á en finnst nefndarmönnum vanta fleiri ruslafötur t.d. á ljósastaura í hverfið.

Ekki fleira rætt að svo stöddu.

Næsti fundur hverfisnefndar verður 7. des. 2010 í Glerárskóla.

Ritað 2. nóvember 2010  
Brynja Sig.